

Um notkun sérstakra miða fyrir nýjar vogir.

Á fræðslufundi um vogir fyrir söluaðila o.fl. varð umræða um notkun sérstakra miða á nýjar vogir, sem ekki þarf að löggilda fyrir fyrstu notkun, sbr. rg. nr. 955/2006 um löggildingartákn og merkingar eftirlitsskyldra mælitækja og rg. nr. 253/2009 og 254/2008 um mælifræðilegt eftirlit með sjálfvirkum og ósjálfvirkum vogum.



Hér er yfirlit um reglur sem gilda um notkun þessara miða:

Vogir sem setja má á markað og taka í notkun á sameiginlegum markaði EES/ESB, þarf ekki að löggilda í upphafi. Heimildin er háð því skilyrði að samræmismati sé að fullu lokið og því liggi fyrir samræmisyfirlýsing framleiðanda, vogirnar séu rétt merktar og innsiglaðar og stilltar á þyngdarsvið þess svæðis sem þær eru notaðar á.

Framleiðandi er alltaf ábyrgur fyrir samræmistatinu og gefur út samræmisyfirlýsingu, en fær tilkynntan aðila til að annast tiltekna hluta þess. Frumherji er tilkynntur aðili til að taka að sér EB-sannprófun ósjálfvirkra voga. Verið er að vinna að því að fá innlendan aðila á skrá hjá EES/ESB til að annast sannprófun sjálfvirkra voga. Þangað til þarf að fá erlenda tilkynnta aðila eða framleiðandann sjálfan til verksins og hafa má samband við Neytendastofu um hvort rök séu fyrir undanþágu.

Nýjar vogir sem teknar eru í notkun skv. ofangreindum heimildum og ekki þarf því að löggilda fyrr en eftir u.þ.b. 2 ár skal merkja með miðum fyrir „NÝTT TÆKI“. Það er ábyrgð eiganda að merkið sé á vogum fyrir löggildingarskylda notkun, en best er að söluaðilar fái miða hjá Neytendastofu og setji þá á, í samræmi við væntanlega notkun.

Gildistími fyrir nýjar vogir miðast við ártalið í CE-merkingunni. Þannig skal löggilda vog fyrir lok þar næsta árs á eftir ártalinu í CE-merkingunni. Söluaðilar voga þurfa því að vera með a.m.k. tvær gerðir miða í notkun samtímis og jafnvel þrjár, ef ný vog hefur verið á lager í nær 2 ár. Dæmi: Ártal í CE-merkingu er **09**.

Nota skal miðann „NÝTT TÆKI 2009“ - Löggildist fyrir lok 2011

Þetta gildir þótt vegin sé seld og tekin í notkun 2010 eða jafnvel 2011.

Ranglega áfestur miði breytir ekki réttum tíma fyrir næstu löggildingu, það er ártalið í CE-merkingunni sem gildir og tilgangur miðans er að vera upplýsandi fyrir neytendur og leiðbeinandi fyrir eigendur.